

STEFNUMÓT



Grannhorn boðar menningar- og listskapandi austfirðinga og norðlendinga til stefnumóts í Ketilhúsinu á Akureyri laugardaginn 29. maí nk. Takist vel til verður næsta mót á Austurlandi að ári.

Markmiðið er að efla menningarleg tengsl milli þessara landshluta, um leið og tækifæri gefst til að kynna það sem er að gerjast í hugskoti listamanna á svæðinu.

Haldin verður vegleg sýning í Ketilhúsinu, sem stendur allan laugardaginn, en sýnendur hafa föstudaginn til að koma verkum sínum fyrir. Þar verða einnig tónlistaratriði, söngur, upplestur og dans. Dagskrá verður nánar auglýst síðar.

Hverjir vilja vera með?

Við auglýsum eftir listafólki úr öllum greinum; myndlist, ritlist, handverki, tónlist, söng, kveðskap, vísnaverð, skartgripasmíði og dansi, svo eitthvað sé nefnt.

Þeir sem hafa hug á að koma til stefnumótsins, tilkynni þátttöku til Gísla Sigurgeirssonar, í síma 462 6649, gis@simnet.is, eða til Signýjar Ormarsdóttur í síma 471 3230, menning@menningarrad.is.

Tilkynningar þurfa að hafa borist fyrir 7. maí

